

53. fundur

Fræðslunefnd Stykkishólms hélt fund miðvikudaginn 3. desember 2003 kl. 17:00 í Ráðhúsinu. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn, skólastjórar og fulltrúar foreldra og starfsfólks.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Skýrslur skólastjóra.
 - a) Sigrún flutti skýrslu um starfið í leikskólanum.

Búið er að gefa út fréttabréf leikskólans og var því dreift til fundarmanna. Hefðbundið jólastarf er komið í fullan gang. Jólaföndur í samvinnu við foreldrafélag leikskólans er í gangi þessa vikuna. Jólaballið verður 17. desember og þá verður einnig hefðbundinn helgileikur. Kirkjuferð með grunnskólabörnum verður 18. desember fyrir nemendur leikskóla. Annars er starfsemin með hefðbundnu sniði og engar stórar breytingar framundan. Þá hefur tillögu að fjárhagsáætlun leikskóla fyrir árið 2004 verið skilað inn.
 - b) Gunnar flutti skýrslu um starfið í grunnskólanum.

Eftir foreldra og nemendadag 24. nóvember sl. var farið yfir starfsemina og útkomu haustannar. Þá lágu fyrir niðurstöður í samræmdum prófum 4. og 7. bekkjar. Dagurinn kom vel út og var góð mæting. Brunaæfingin gekk mjög vel. Einnig kom lögreglan í heimsókn í grunnskólann og er þess háttar heimsókn orðin að föstum viðburði. Próf eru hafin í fjölbraut og auk þeirra eru 23 nemendur í fjarnámi á próftökulista í grunnskólanum. Danssýningu er lokið og fór hún vel fram. Þá hefur tillögu að fjárhagsáætlun grunnskóla fyrir árið 2004 verið skilað inn. Námskeiði í tölvuleikni fyrir starfsfólk skólans er að ljúka í næstu viku og mun tölvutæknin þá verða tekin í fulla notkun innan skólans.

Fyrirspurn kom um lögregluheimsókn og hvernig hún er skipulögð. Skólastjóri gerði grein fyrir því.

Fyrirspurn kom fram í sambandi við forfallakennslu. Skólastjóri svaraði fyrir það hvernig þau hafa unnið úr því.

Fyrirspurn kom fram um hvort möguleiki væri að gera danskennslu að skyldu. Skólastjóri svaraði því að til staðar þurfi þá að vera danskennari. Íþróttakennarar hafa undirstöðu til að kenna grunn í gömlum dönsum og hefst sú kennsla í janúar nk. Áfram verður unnið að endurskoðun fyrirkomulags danskennslu í samvinnu skólanna á Nesinu.

Fyrirspurn kom fram um heimsókn Hrannar Pétursdóttur til nemenda um daginn. Skólastjóri sagði að sú heimsókn hafi tekist mjög vel.

2. Önnur mál.

- a) Formaður spurði um stöðu á Olweus-eineltisáætluninni. Skólastjóri gerði grein fyrir vinnunni sem er í gangi. Í gangi er núna svokallað Kærleiksverkefni og strax eftir áramót verður skýrslum um verkefnið skilað. Á næstu dögum verður lögð önnur skoðanakönnun fyrir nemendur og vonandi verður niðurstaða hennar betri en fyrri könnunin sem sýnir þá árangur verkefnisins. Nú þegar má merkja árangur verkefnisins í starfi nemenda og starfsfólks. Fram kom einnig ánægja með eineltis bækling sem dreift var til foreldra í foreldraviðtölum. Almennar umræður urðu um einelti.
- b) Formaður lýsti ánægju sinni með framlagt fréttabréf Leikskólans.
- c) Formaður ræddi aðgerðaráætlun sem rædd var á síðasta fundi varðandi Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Engar ábendingar bárust formanni varðandi bréfið.
- d) Rætt var um fyrirkomulag gæslu í klefum í íþróttahúsi bæði á skólatíma og í tímum á vegum Umf. Snæfells. Skólastjóri gerði grein fyrir málinu eins og það snýr að grunnskólanum.
- e) Rætt var um verklagsreglur fræðslunefndar og fundarmanna almennt. Hvaða reglur gildi um trúnað og þess háttar. Ákveðið að fara yfir málið.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:10.

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, fundarritari (sign.).

Björn Sverrisson (sign.),
Egill V. Benediktsson (sign.),
Gunnar Svanlaugsson (sign.),
Ingveldur Eyþórsdóttir (sign.),
Unnur Breiðfjörð (sign.),
Kristín Ósk Sigurðardóttir (sign.),
Katrín Pálsdóttir (sign.),
Anna S. Guðmundsdóttir (sign.),
Halla Dís Hallfreðsdóttir (sign.),
Katrín Gísladóttir (sign.),
Sigrún Þórsteinsdóttir (sign.).